



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. september 2015.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007. Lagt fyrir á 145. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 3 – 3. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er lagt til að elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga fylgi þróun lágmarkslauna nýgerðra kjarasamninga og fari stighækkandi fram til ársins 2018 og verði þá kominn í 300 þús. kr.

MRSÍ styður frumvarpið og tekur því fagnandi að bæta eigi stöðu þeirra sem þiggja elli- og örorkulífeyri þar sem sá hópur hefur setið eftir í þeim kjarabótum sem almenningur hefur notið síðustu ár og því orðið tímabært að bregðast við. Réttur manna til sanngjarnra tekna, sem tryggi þeim og fjölskyldum þeirra mannsæmandi lífskjör, eru grundvallar mannréttindi sem m.a. eru lögfest í Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (SEFM).

Hér á landi er hópur fólks sem lifir undir fátæktarmörkum og hefur tekjur undir framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar, m.a. vegna skertra greiðslna vegna búsetu erlendis. Í 76. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 er öllum tryggður réttur til aðstoðar vegna m.a. örorku, elli og sjúkleika. Orðalag ákvæðisins er þó frekar gamaldags og hefur þróunin í alþjóðasamfélaginu verið frekar í þá átt að viðurkenna rétt hvers manns til að njóta viðunandi lífsafkomu, en ekki aðeins til þess að þiggja aðstoð. Er þannig horfið frá ríkjandi velferðarsjónarmiðum gagnvart þeim sem fjárhagsaðstoð þurfa og frekar hnykkt á því að það eru sjálfsögð mannréttindi að njóta lífsviðurværis, almannatrygginga og félagslegs öryggis. Í SEFM, sem vitnað var til hér að framan, er að finna ákvæði sem skylda aðildarríkin til þess að viðurkenna þennan rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis og sífellt batnandi lífskjara. Aðildarríkin skulu svo gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að þessum rétti verði framfylgt. Í 13. og 14. gr. félagsmálasáttmála Evrópu er einnig að finna sams konar ákvæði. Að framansögðu virtu má ljóst vera að með frumvarpi þessu eru stjórnvöld að leitast við að uppfylla þær skuldbindingar sem þau hafa undirgengist samkvæmt tilvitnuðum lögum og alþjóðasamningum.

MRSÍ tekur því frumvarpinu fagnandi sem skrefi í átt að því að tryggja öldruðum- og örorkulífeyrisþegum mannsæmandi lífskjör og minnir aftur á stöðu þeirra er njóta skertra greiðslna vegna búsetur erlendis.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri